

Nr. 1250

29. desember 2008

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 9. september breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi.

Meginbreytingin felst í því að bætt er við tveimur lóðum. Þá eru byggingarskilmálar fyrir lóðir nr. 4-40 samræmdir m.a. þannig að hámarksstærð verður 140 m^2 og lágmakstærð 27 m^2 . Húsin skulu vera á einni hæð, heimilt er þó að vera með svefnloft. Hámarksheildarhæð húsa er 5,5 m. Þakhalli skal vera á bilinu 15° - 45° . Heimilt er að hafa niðurgrafna geymslukjallara, án þess að þeir hafi áhrif á hámarksstærð, þar sem aðstæður leyfa.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Svalbarðseyri, 29. desember 2008.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,
Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2009